

Nd.

117. Frumvarp til laga

[58. mál]

um breyting á lögum nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Verzlunarstofnanir ríkissjóðs skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem aðalaðsetur þeirra og útibú eru, $\frac{1}{2}$ af hundraði af nettóágóða aðalbúsins eða útibúsins. Einnig skulu þær greiða $4\frac{1}{2}$ af hundraði af nettóágóða sínum í byggingarsjóð ríkisins, og skal húsnæðismálastjórn ráðstafa að minnsta kosti helmingi þeirra tekna, er byggingarsjóður ríkisins fær samkvæmt ákvæðum þessara laga, til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, meðan þess er þörf, en að öðru leyti má verja því til byggingarlána samkvæmt hinum almennu reglum húsnæðismálastjórnar um lán til íbúðarhúsabygginga.

Skattar þessir skulu greiðast 1. marz ár hvert af ágóða næstliðins árs.

Aðrar stofnanir greiða ekki skatta þessa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um aukaútsvör ríkisstofnana er ákveðið, að 5% af nettóhagnaði verzlunarfyrirtækja ríkisins renni sem útsvar í sveitar- eða bæjarsjóði, þar sem fyrirtækin hafa verzlunaraðsetur. Eru lögín miðuð við Áfengisverzlunina og Tóbaks-einkasöluna.

Þótt vafasamt megi teljast að gera hreinar landsverzlanir ríkisins eins og þær, sem hér um ræðir, útsvarsskyldar til einstakra sveitar- eða bæjarfélaga og miða í því efni við ágóðahlut af viðskiptum þeirra við landslýð allan, þá virðist löggjafinn á sínum tíma hafa talið nokkur rök hníga að þessu. En lögín, sem um þetta voru sett fyrir 35 árum, eru þó mörkuð þeirri varfærni, sem þá hefur átt við og er fólgin í því að banna, að annað en beinn hagnaður sé gert að skattstofni, og reglan um álagningu útsvars eftir efnum og ástæðum því ekki látin gilda í þessu efni. Með því að sköttun þessi þótti réttmæt, gátu ákvæðin um 5% hreins hagnaðar til útsvarsgreiðslu tæpast talizt óeðlileg, þegar fyrirtæki þessi voru metin sem venjuleg verzlunarfyrirtæki, en ekki sem skattheimtustofnanir.

Nú hefur þróun síðari ára orðið sú, að einkasölur þessar hafa stöðugt verið gerðar að vaxandi tekjuöflunartækjum fyrir ríkisbúskapinn, og ágóði þeirra nú er í engu venjulegu hlutfalli við vörumagnsveltuna, heldur er verðlag þess varnings, er þær selja, miðað við ágóða, sem í raun réttir er ekki verzlunarhagnaður nema að litlum hluta, heldur fyrst og fremst skattur á vörur þessar til ríkissjóðs.

Það er því augljóst, að eins og málum háttar nú um Áfengisverzlunina og Tóbaks-einkasöluna, eru útsvör þau, er þessi fyrirtæki greiða, að mestu hlutdeild, sem fáum bæjarfélögum er gefin í almennri skattheimtu ríkisins, en allur þorri sveitar- og bæjarfélaga verður hér einskis aðnjótandi, þótt hinn skattlagði ágóði sé að sínum hluta allt eins frá þegnum hinna hjásettu byggðarlaga runninn.

Á árinu 1959 varð hagnaður fyrirtækja þessara, útsvör þeirra og hagnaður afhentur ríkissjóði sem næst þannig, talinn í milljónum króna:

	Hagnaður	Útsvar	Í ríkissjóð
Áfengisverzlunin	153.4	7.7	145.7
Tóbakseinkasalan	106.2	5.3	100.9
Samtals	259.6	13.0	246.6

Eins og nú er háttað verzlunarrekstri þessara fyrirtækja og lögum um útsvar þeirra, rennur langmestur hluti þessa útsvars til aðeins eins bæjarfélags, og verður að teljast óeðlilegt, að ríkisstofnanir þessar leggi einu bæjarfélagi til meira en milljónatug króna af almennri verzlun sinni við landsmenn, eða álíka háa upphæð og öll útsvör í meðalstórum íslenskum kaupstað nema.

Þegar tillit er tekið til þess, hvernig til hagar um ágóða nefndra ríkisstofnana, hlýtur að teljast eðlilegra, að meginhluta útsvars þeirra sé varið til að leysa almenn félagsleg vandamál þjóðarinnar allrar, en útsvarsgreiðslan sé ekki skorðuð að öllu leyti við aðsetur verzlana þessara.

Þess vegna er hér lagt til, að ríkisstofnanir þessar greiði $\frac{1}{2}\%$ af ágóða sínum til þeirra bæjar- eða sveitarfélaga, þar sem verzlunir þeirra eru, eftir sömu reglum og þau greiða 5% ágóðahlut nú. En $4\frac{1}{2}\%$ af ágóðanum er hér lagt til að renni til byggingarsjóðs ríkisins og verði þaðan veitt sem lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og til almennra lána á vegum húsnæðismálastjórnar, en fjárþörf til húsnæðislána er óumdeilanlega eitt af alvarlegustu félagslegu vandamálum Íslendinga nú. Ætti frumvarp þetta, ef að lögum verður, að ráða þar á verulega bót, enda má ætla, að til húsnæðislána mundu þá renna yfir 11 millj. kr. árlega umfram þær tekjur, sem byggingarsjóður hefur samkvæmt öðrum lögum.

Frumvarp samhljóða þessu flutti ég á síðasta þingi, en það náði þá ekki samþykki, og því flyt ég það hér að nýju.